

Flóahreppur
Ellisif Malmo Bjarnadóttir
Þingborg
801 Selfoss

Reykjavík, 19. desember 2023
UST202311-270/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Hraungerði - Flóahreppur

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Flóahrepps er barst 27. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir nýja lóð, sem mun koma til með að heita Þinghús og stofnuð verður úr lóðinni Hraungerði í Flóahreppi.

Í greinargerð kemur fram að afmörkuð verði 7,67 ha lóð þar sem skilgreindir eru tveir byggingarreitir: B1 - Heimilt er að byggja íbúðarhús með bílskúr að hámarki 300 m², tvö stakstæð gestahús að hámarki 70 m² hvort og gróðurhús að hámarki 60 m². B2 - Heimilt er að byggja geymslu/útihús/skemmu. Hámarksflatarmál er 800 m². Heimilt að reisa útihús, s.s. fyrir gripi, fóður- áburða og orkuframléiðslu. Núverandi orkustöð og áfyllingarstöð í Hraungerði verður flutt á lóðina. Hámark leyfilegt byggingarmagn er 2000 m² og 1500 m³ fyrir hauggeymslu/tanka.

Þjósárhraun

Í greinargerð segir að stór hluti Flóahrepps fellur undir 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, um nútíma hraun sem nýtur sérstakrar verndar.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um hraunið á skipulagssvæðinu, en ekki bara almennt um hraun í sveitarfélaginu.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruyfyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi.

Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun telur að stór hluti hraunsins á skipulagssvæðinu sé hulin jarðvegi og gróðri, en mikilvægt er að vernda sjáanlegar hraunmyndanir sem eru á skipulagssvæðinu. Umhverfisstofnun bendir á að hraun sem er að öllu leyti sandorpið eða hulið jarðvegi og gróðri og ekki er lengur hægt að greina hvort um hraun sé að ræða hefur að öllu jöfnu tapað þeim einkennum sem mynda verndargildi þess sem jarðmyndunar eða

„hraunvistgerðar“ og nýtur það því ekki sérstakrar verndar samkvæmt greininni. Ákvæðið útilokar þó ekki að aðrir eiginleikar, svo sem jarðsögulegir eiginleikar eða eiginleikar þess gróðurs sem vex á svæðinu, hafi sérstakt verndargildi.

Í umhverfismatskýrslu þarf því meta áhrif tillögunnar á hraunið og setja fram matsspurningu því tengdu, setja hraun sem umhverfisþátt og hafa 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 sem umhverfisviðmið.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Hulda Soffía Jónasdóttir

sérfræðingur